

LÝSING Á VERÐTRYGGÐU RÍKISBRÉFI RIKS 30 0701



Lánamál ríkisins
Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík
Sími 569 9600, Fax 569 9604
www.sedlabanki.is

**Lýsing á verðtryggðum skuldabréfaflokki ríkissjóðs
RIKS 30 0701**

Útgefandi Útgefandi, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, er Seðlabanki Íslands, kt: 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. Sími: 569 9600, bréfsími 569 9604, heimasíða: www.sedlabanki.is

Ábyrgð á lýsingu Seðlabanki Íslands ber ábyrgð á lýsingu þessari.

Heimild Fjármálaráðherra hefur, fyrir hönd ríkissjóðs, ákveðið að selja skuldabréf ríkissjóðs RIKS 30 0701, og er það gert á grundvelli heimildar í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2011. Skuldabréfaflokkurinn er opinn og verður selt í flokknum á grundvelli heimildar í fjárlögum hvers árs.

Söluskilmálar Fyrsta sala verður 28. júní 2011, og verður greiðslu- og uppgjörsgdagur 1. júlí 2011. Flokkurinn er opinn. Bréfin verða afhent rafrænt gegn staðgreiðslu.

Auðkenni Flokkurinn er gefinn út með rafrænum hætti hjá verðbréfamiðstöð í einnar krónu einingum. Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum. Lágmarks viðskiptaeining í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi er ein króna. Auðkenni flokksins er RIKS 30 0701. ISIN númer flokksins er IS0000020576.

Lánstími, vextir og gjalddagar Skuldabréfin eru verðtryggð og bera árlega vexti, sem greiðast eftir á, einu sinni á ári. Ársvextir eru reiknaðir samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Vextir}_{\text{greiddir}} = \text{raunvextir} \times \frac{\text{Dagleg vísitala á greiðsludægi}}{\text{grunnvísitala}} \times \text{Nafnfjárhæð}$$

Ársvextir verða 3,25%. Skuldabréfið er til 19 ára og er verðtryggt miðað við neysluverðsvísitölu. Útgáfudagur skuldabréfanna er 1. júlí 2011 og lokagjalddagi 1. júlí 2030. Fyrsti vaxtagjalddagur er 1. júlí 2011. Vaxtatímabilið er ár hvert frá 1. júlí til og með 30. júní næsta árs. Árlegir vaxtagjalddagar eru 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 2012. Ef vaxtagreiðsludagur er helgidagur eða annar frídagur færast greiðsla vaxta til næsta virka dags á eftir en vaxtatímabilið helst óbreytt. Á lokagjalddaga þann 1. júlí 2030 greiðist síðasta vaxtagreiðslan ásamt nafnverði bréfsins verðbættu samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Innlausnarverð} = \frac{\text{Dagleg vísitala á gjalddaga}}{\text{grunnvísitala}} \times \text{Nafnverð}$$



LÁNAMÁL RÍKISINS

Ef dagvísitalan á gjalddaga bréfsins er lægri en grunnvísitalan þá er innlausnarverð höfuðstóls á nafnverði tryggð. Engin uppsagnarákvæði eru í skuldabréfinu.

Viðmiðunarvísitala Vísitala neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi (NEY) , sem gefin er út af Hagstofu Íslands.

Verðbótastuðull Fjöldi aukastafa sá sami og gildir fyrir viðmiðunarvísitöluna.

$$\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala}_{\text{uppgjörsgs}}}{\text{Grunnvísitala}}$$

Grunnvísitala Grunnvísitala bréfsins er 377,60000.

Verðtryggingaraðferð Greiðslufæði, áfallnir vextir, heildarvextir og höfuðstóll greiðast samkvæmt verðbótastuðli.

Daglegt verðbólgu-gildi Daglegt verðbólgu-gildi reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði m er vísitala neysluverðs fyrir mánuðinn $m-2$; til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. maí vísitala neysluverðs fyrir marsmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði m reiknast línulega milli vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn $m-2$ og vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn $m-1$, samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Daglegt verðbólgu-gildi} = NEY_{m-2} + \left[\frac{d-1}{D} * (NEY_{m-1} - NEY_{m-2}) \right]$$

Þar sem NEY_{m-1} er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-1$, NEY_{m-2} er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-2$, d er mánaðardagur uppgjör; og D er fjöldi daga í uppgjörsmánuðinum.

Námundun Dagleg verðbólguviðmiðun, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama reglan á við um verðbótastuðulinn. Þegar áfallnir vextir eru reiknaðir út frá hreinu verði eru sex aukastafir notaðir.

Réttinda- og réttinda-leysisdagur Réttindadagur er einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og höfuðstóls og ákvarðast af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi.

Hlunnindi Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

Skattar Skattaleg meðferð skuldabréfanna fer að skattalögum hverju sinni á Íslandi. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ber innlendum fjármálastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og sérhverjum þeim



LÁNAMÁL RÍKISINS

öðrum, sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum, að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum skuldabréfa og skila í ríkissjóð. Sama gildir um ríkissjóð og ríkisstofnanir sem greiða vexti samkvæmt lögnum. Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983.

Greiðslufyrirkomulag	Greiðslur fara fram rafrænt.
Fyrning	Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fyrningartími vaxta er 4 ár frá gjalddaga, en fyrningartími höfuðstóls er 10 ár frá gjalddaga.
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma.
Dagaregla	Dagaregla við útreikning á virði bréfs og áfallinna vaxta miðast við raundaga/raundaga (e. actual/actual), og verður ISMA aðferð notuð til útreiknings.
Meðferð ágreinings	Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi upp mál vegna skuldabréfanna má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
Framsal og eignarheimild	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum. Eignarskráning rafbréfa hjá verðbréfamíðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamíðstöðvar, veitir skráðum eigenda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfin.
Forkaupsréttur	Ekki er um að ræða neinn forkaupsrétt varðandi útgáfuna.
Skráning	Bréf seld 28. júní 2011 verða skráð í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi þann 1. júlí 2011. Niðurstöður síðari útboða verða birtar í fréttakerfi OMX og í kjölfarið þau bréf skráð í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi.
Umsjónaraðili	Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, annast útboð skuldabréfaflokksins og skráningu í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi.
Tilgangur útgáfunnar	Tilgangur útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði.
Viðskiptavakt	Viðskiptavakt verður ekki með flokkinn til að byrja með, en stefnt er að viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn á næstu árum.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Hreint verð

Verð á bréfum í Kauphöllinni eru gefin upp á hreinu verði, þ.e. án vaxta, og án verðbóta.

Upplýsingar og gögn

Lýsingu á ríkisbréfum RIKS 30 0701 og aðrar upplýsingar og gögn sem tengjast útgáfunni er hægt að fá á vefsíðunni www.lanamal.is. Frekari upplýsingar er einnig hægt að fá á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands.